

☒ RE: Verslun og þjónusta í Ráðagerði - Tillaga til  
auglýsingar um breytingu á Aðalskipulagi  
Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 sbr. 31. gr. skipulagslaga nr.  
123/2010

|           |  |
|-----------|--|
| Búið til  | 16.4.2021 13:39:19   |
| Höfundur  | Lovísa Ásbjörnsdóttir  |
| Sent      | 16.4.2021 13:39:16   |
| Tilheyrir | 📁 202102-0048 - Verslun og þjónusta í Ráðagerði -<br>Tillaga til auglýsingar um breytingu á Aðalskipulagi<br>Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 sb |

## Efni

RE: Verslun og þjónusta í Ráðagerði - Tillaga til auglýsingar um breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

## Upplýsingar

## Vinnsla

|              |                       |          |          |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent         | 16.4.2021 13:39:16    | Staða    | Imported |
| Eigandi      |                       | Tímamörk |          |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt |          |          |
| Lykilorð     |                       |          |          |

## Þátttakendur

|     |  |
|-----|--|
| Frá | Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI<br>(Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is) |
| Til | hvor.palsdottir@seltjarnarnes.is                                     |

## Innihald

Tilvísun í mál nr. 202102-0048 (LÁ, RTh, KHS)

Vísað er í meðfylgjandi tölvupóst frá Seltjarnarnesbæ, dags. 26. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033. Tillagan felur í sér breytta landnotkun á svæði vestan Bygggarða, þar sem Ráðagerði stendur. Þar er fyrirhuguð veitingasala og gert ráð fyrir auknum bílastæðum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda breytingartillögu. Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar gerir stofnunin ekki athugasemd við breytingu svæðisins í verslun og þjónustu í Ráðagerði, en gerir athugasemdir við tillögu um aukin bílastæði.

Í tillögunni kemur fram að bílastæði verði í beinu framhaldi af byggð í Byggörðum, en stærð eða umfang þess kemur ekki fram. Náttúrufræðistofnun vill að það sem eftir er af náttúrufari svæðisins við Gróttu verði hlíft eins og kostur er og að skoðaðir verði aðrir möguleikar en bílastæði s.s. göngu- og hjólastígar að Ráðagerði. Eins og fram kemur í breytingartillögu er svæðið vinsælt útivistarsvæði, þar eru tvö friðlýst svæði og mikið fuglalíf. Á Vestursvæði eru þekktir vaxtarstaðir nokkurra sjaldgæfra æðplanta, s.s. giljaflækju,

fuglaerta og rauðkolls. Giljaflækja er á valista Náttúrufræðistofnunar(<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna> (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>)). Taka þarf tillit til þess og að framkvæmdir raski ekki vaxtarstað þeirra. Þá setti Náttúrufræðistofnun fram tillögur árið 2018 um vernd svæðisins á B-hluta náttúruuminjaskrá (<https://www.ni.is/greinar/sv-alftan-skerjafjordur>) og <https://www.ni.is/greinar/sv-alftan-skerjafjordur>) og <https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>)).

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda skipulagsbreytingu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** Hervör Pálsdóttir <[hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is](mailto:hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is) (mailto:hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is)>  
**Sent:** Friday, February 26, 2021 12:37 PM  
**To:** [postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is) (mailto:postur@minjastofnun.is); [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) (mailto:ust@ust.is); Móttaka - NI <[mottaka@ni.is](mailto:mottaka@ni.is) (mailto:mottaka@ni.is)>; [eftirlit@eftirlit.is](mailto:eftirlit@eftirlit.is) (mailto:eftirlit@eftirlit.is); [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) (mailto:skipulag@reykjavik.is); Skipulagsstofnun - SLS <[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) (mailto:skipulag@skipulag.is)>; [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is) (mailto:ssh@ssh.is)  
**Cc:** Einar Már Steingrímsson <[einar.m.steingrimsson@seltjarnarnes.is](mailto:einar.m.steingrimsson@seltjarnarnes.is) (mailto:einar.m.steingrimsson@seltjarnarnes.is)>  
**Subject:** Verslun og þjónusta í Ráðagerði - Tillaga til auglýsingar um breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Til umsagnaraðila

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkti á 922. fundi sínum, þann 13. janúar 2021, að auglýsa tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnes 2015-2033 í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan felur í sér breytta landnotkun á svæði vestan Bygggarða, þar sem Ráðagerði stendur. Þar er fyrirhuguð veitingasala og gert ráð fyrir auknum bílastæðum.

Tillagan er hér með send umsagnaraðilum. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 18. apríl 2021.

Tillagan er aðgengileg hér fyrir neðan og liggur einnig frammi á bæjarskrifstofu Seltjarnarnesbæjar, Austurströnd 2, Seltjarnarnesi. eru allir íbúar og hagsmunaaðilar hvattir til að kynna sér efni hennar.

<http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/7.-A1499-002-D03-Verslun-og-thjonusta-i-Radagerdi---Tillaga-til-auglysing....pdf> (<http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/7.-A1499-002-D03-Verslun-og-thjonusta-i-Radagerdi---Tillaga-til-auglysing....pdf>)

Virðingarfyllst,  
Hervör Pálsdóttir

Skjala- og verkefnastjóri

Bæjarskrifstofur Seltjarnarness

Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes

Sími: 595 9100, beinn sími: 595 9117

Netfang: [hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is](mailto:hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is) (mailto:hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is)

Fyrirvari/Disclaimer: <http://www.seltjarnarnes.is/tolvupostur/> (<http://www.seltjarnarnes.is/tolvupostur/>)

## Viðhengi

image001.png (5 KB)